

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 202/2023

frá 22. september 2023

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1667 frá 19. júlí 2022 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af framseldri reglugerð (ESB) 2019/2090 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar tilvik þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að ekki hefur verið farið að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð í dýralyf eða sem fóðuraukefni, eða að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

1. Eftirfarandi er bætt við lið 11bu (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2090) í hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 1667**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1667 frá 19. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 251, 29.9.2022, bls. 4).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 251, 29.9.2022, bls. 4.

2. Eftirfarandi er bætt við lið 31qu (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2090) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 1667**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1667 frá 19. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 251, 29.9.2022, bls. 4).“

2. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 164u (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2090) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 1667**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1667 frá 19. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 251, 29.9.2022, bls. 4).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1667, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.